# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

128. aukafundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 1. mars kl. 16:00 að Skólabúðunum í Reykjaskóla, matsal.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá:

**Viðræður við rekstraraðila Skólabúða í Reykjaskóla.**

Fyrsti fundur fræðsluráðs með rekstraraðilum Skólabúða eftir að fagnefnd var lögð niður. Fræðsluráð fékk kynningu á starfsemi Skólabúðanna, námsefninu og húsnæðið var skoðað. Breytingar hafa orðið í starfsmannahaldi. Kristján Kristjánsson er hættur störfum. Einar Páll Eggertsson kennir náttúrufræði og safnakennslu. Í mötuneyti eru nýir starfsmenn Viola Sarducka og Gísli Kjartansson matreiðslumaður.
Skólabúðirnar ganga vel. Veturinn 2011-2012 munu 3200 nemendur sækja Skólabúðirnar. Aldrei hafa fleiri nemendur sótt Skólabúðirnar en nú í vetur og er biðlisti. Verið er að leita leiða til að stytta biðlista. Nú þegar eru komnar yfir 2400 umsóknir fyrir næsta vetur. Ljóst er að gjaldskrá þarf að hækka næsta vetur en þó ekki umfram verðlagsþróun.
Aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant og brýnt að koma þeirri framkvæmd á áætlun að mati fræðsluráðs.

Fundargerð ritaði Eydís Aðalbjörnsdóttir
Fræðslu- og félagsmálastjóri.

Fundi slitið kl: 17.30

| | |
|---|---|
| Rakel Runólfsdóttir(sign.), | Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.), |
| Gísli G.Magnússon(sign.), | Valdimar H. Gunnlaugsson (sign.). |
| Ólöf Þorsteinsdóttir(sign), | Sigrún Waage(sign) |